

## Dans - Borgarleikhúsið

# Ímyndunaraflinu boðið upp í dans

### Óður og Flexa: Rafmagnað ævintýri \*\*\*--

Eftir Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir. Flytjendur: Hannes Þór Egilsson, Þyri Huld Árnadóttir og Ernesto Camilo Aldazabal Valdes. Leikstjóri: Pétur Ármannsson. Sviðsmynd og búningar: Sigríður Sunna Reynisdóttir. Hljóð: Garðar Borgþórsson.

Eftir Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir. Flytjendur: Hannes Þór Egilsson, Þyri Huld Árnadóttir og Ernesto Camilo Aldazabal Valdes. Leikstjóri: Pétur Ármannsson. Sviðsmynd og búningar: Sigríður Sunna Reynisdóttir. Hljóð: Garðar Borgþórsson. Lýsing: Kjartan Darri Kristjánsson. Íslenski dansflokkurinn frumsýndi á Listahátíð í Reykjavík vorið 2018 á Stóra sviði Borgarleikhússins, en rýnt er í fyrstu sýningu að hausti.

Dansverkið *Óður og Flexa: Rafmagnað ævintýri* var frumsýnt á Listahátíð Reykjavíkur í sumar en endurfrumsýnt síðasta sunnudag. Það er sjálfstætt framhald af verkinu *Óður og Flexa halda afmæli* sem hlaut góðar viðtökur árið 2016. Höfundar og flytjendur eru Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir, og er verkið hugsað sem dansverk fyrir alla fjölskylduna.

Í þetta sinn er allt í rúst heima hjá Óð og Flexu eftir afmælisveisluna. Þau eru ofurhetjur sem finnst miklu skemmtilegra að leika sér og stríða hvort öðru en að taka til. Þau skapa leik og persónur úr öllu sem þau snerta, hvort sem það er ryksugan eða skúringafatan. Rafmagn er stóra þema verksins, það liggur í loftinu og er næstum áþreifanlegt. Það hefur áhrif á persónurnar og líkamar þeirra láta illa að stjórn, sem vekur mikla kátínu í salnum. Áhorfendur eru inni í draumkenndri ævintýraveröld ofurhetjubarnanna frá byrjun þar sem öllu er tjaldað til í sviðsetningu og ljósanotkun. En svo kemur óvæntur gestur í heimsókn.

Sviðsmynd, búningar og ljósaönnun eru stórkostlega unnin og spila gríðarstórt hlutverk í verkinu. Búningarnir eru konfekt fyrir augun og ásamt stóru led-ljósa-römmunum, litasprengrunni og snjallri ljósaönnuninni skapast grípandi andrúmsloft og sjónrænn unaður sem mun seint gleymast bæði ungum og eldri. Hljóðmyndin styður einnig vel við verkið, en hún einkennist af hljóðum úr rafheiminum og þekktum lögum úr viðjum klassíkur, djass og danstónlistar.

Hugmyndin að persónunum og sviðsetningunni er frumleg, gleði og stuð allsráðandi, og virtust hinir ungu áhorfendur skemmta sér vel. Hér er ímyndunaraflinu gefinn laus taumur, sem býður upp á marga möguleika, en það er óljóst hver söguþráður og boðskapur verksins er, annar en að það er mjög gaman að leika sér með liti og rafmagn.

Hannes Þór og Þyri Huld sýna góða færni og beita líkamanum á óvenjulegan og spennandi hátt, sérstaklega í byrjun. Tilvísanir í mismunandi dansstíla frá mörgum heimshornum í bland við líkamsbrellur þeirra virka vel saman. Óður og Flexa eru ýktar persónur og miklir trúðar, en því miður of tilbrigðalitar. Það hefði verið gaman að sjá stærri tilfinningaskala hjá þeim, tragík og einlægni – og persónurnar hefðu mátt vera ólíkari. Trúður sem dettur aftur og aftur á rassinn en er alltaf allt í lagi með getur orðið þreytandi. Eins hefði mátt huga betur að notkun tempós, til dæmis beita þögnum til að ná fram áhrifum og staldra við. Stöðugt fjörið gerði það að verkum að stundum var erfitt að halda athyglinni. Með óljósum söguþræði er niðurstaðan að það vantar meiri dýpt bæði hjá persónunum og í efni verksins. Hins vegar fer allt á flug þegar óvænti gesturinn birtist. Hann er mikil tilbreyting og orkan á sviðinu umbreytist. Ernesto Camilo stendur sig snilldarlega í hlutverki einhvers konar rafmanns með sinni einlægu sviðsnærveru, flottu danstöktum og brosi sem snertir við hverjum sem er. Hann hrífur alla með, og börnin taka andköf þegar hann hreyfir ljósið eins og galdramaður. Undir lok verksins sökkva áhorfendur síðan með inn í paradís lita og gleði undir sindrandi tónum rafmagnaðrar ábreiðu af Clair de Lune Debussys.

Það er mikið gleðiefni að Íslenski dansflokkurinn sé að framleiða dansverk fyrir börn. Það er mikilvægt að þau fái notið möguleika dans, tækni og leikhústöfra á unga aldri. Ævintýraveröld Óðs og Flexu er grípandi og áhrifamikið verk sem býður ímyndunaraflinu í dans og er vel þess virði að sjá. En það skortir dálítið í persónusköpun, innihaldi og dýpt. Verkið hefur fallegan sjónrænan ramma en vantar meiri kjarna til að umbreyta því úr skemmtisjóvi fyrir skynfærin yfir í myndræna frásögn. Börn eru kröfuhörðustu áhorfendurnir og það er ekki nóg að bjóða þeim upp á glimmer, gleði og töfrabrellur. Þau listaverk sem fylgja okkur frá unga aldri eru nefnilega þau sem bjóða upp á dýpt sem við skiljum eða skiljum ekki. Það verður spennandi að sjá hverju ólátabelgirnin Óður og Flexa finna upp á að gera næst!

Nína Hjálmarsdóttir



Leikur „Hér er ímyndunaraflinu gefinn laus taumur, sem býður upp á marga möguleika. En það er óljóst hver söguþráður og boðskapur verksins er, annar en að það er mjög gaman að leika sér með liti og rafmagn,“ skrifar rýnir. — Ljósmynd/Jónatan Grétarsson



[ Smellið til að sjá stærri mynd ]